

**Nd. 629. Frumvarp til laga [100. mál]**  
um kaupstaðarréttindi til handa Dalvíkurkaupþúni.

(Eftir 2. umr. í Nd., 29. mars.)

**1. gr.**

Dalvíkurkaupþún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Dalvíkurhrepp og heitir Dalvíkurkaupstaður. Umdæmi þetta er í Norðurlandskjördæmi eystra.

**2. gr.**

Um valdsvið bæjarfógeta á Dalvík og launakjör fer samkvæmt lögum þar um. Sýslumaður Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeti Akureyrar skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

**3. gr.**

Sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu og bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eigu eða vörslu Eyjafjarðarsýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara.

Nái þessir aðilar ekki samkomulagi, skal félagsmálaráðherra úrskurða, hvernig með skuli fara.

**4. gr.**

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins skv. sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum skv. þeim lögum.

**5. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1974, skal núverandi hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.